

Óparfar umferðarreglur?

Takmarkað starfsöryggi blaðamanna dregur úr ritstjórnarlegu sjálfstæði og einsleitni stjórnenda hefur áhrif á fréttamat. Þetta var á meðal þess sem fram kom á málþingi fjölmiðlanefndar og Blaðamannafélags Íslands um ritstjórnarlegt sjálfstæði þann 18. september 2014.

Erindi á málþinginu fluttu Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands, Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365 miðla, Hallgrímur Thorsteinsson, ritstjóri DV, og Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar. Arna Schram, fjölmiðlanefndarmaður og fyrrverandi formaður Blaðamannafélags Íslands, stýrði umræðum.

Undraland ritstjórnarlegs sjálfstæðis

Í máli Þóru Kristínar kom fram að margir hlutir ógni sjálfstæði ritstjórna og í raun ætti ritstjórnarlegt sjálfstæði alltaf að vera til umræðu á síbreytilegum fjölmiðlamarkaði. Hún sagði lög um fjölmiðla hafa verið gagnrýnd af fjölmiðlafólki, þegar þau voru sett, og talin forræðishyggja. Síðan þá hafi allt farið á annan endann á Fréttablaðinu og DV og hart deilt um afskipti eigenda af ritstjórn. Þóra Kristín talaði um sérstöðu DV á íslenskum fjölmiðlamarkaði, blaðið hafi verið leiðandi í umfjöllun sem ekki virðist fá inni annars staðar, sbr. Lekamálið. Hún sagði eftirsjá að Reyni Traustasyni, fari hann úr bransanum, en sagði hann, líkt og fleiri, hafa verið villtan í „undralandi ritstjórnarlegs sjálfstæðis“, þar sem hann hafi verið í þeirri stöðu að vera bæði ritstjóri og einn af aðaleigendum blaðsins og þurfa sem ritstjóri að verja ritstjórnina gegn öðrum eigendum.

Einsleitni stjórnenda hefur áhrif á fréttamat

Að mati Þóru Kristínar er ráðning ritstjóra yfirlýsing eigenda um hvernig fjölmiðla þeir vilji reka. Ritstjórinn sé þannig trúnaðarmaður eigenda. „Eigendur mega hins vegar ekki blanda sér í ritstjórnarlegar ákvarðanir. Þeir eiga ekki og mega ekki þrasa í stjórnendum um innihald fréttar eða hvaða starfsmann þeir vilji losna við af ritstjórninni. Við vitum að á þetta hefur verið reynt. Ritstjóri sem er líka stór hluthafi er í raun í verri stöðu varðandi ritstjórnarlegt sjálfstæði en ef hann ætti ekki hlut í blaðinu. Einsleitni stjórnenda hefur að sjálfsögðu áhrif á fréttamat miðils sem og aðrir starfsmenn á ritstjórn. Stjórnendur hafa í gegnum tíðina oftast eða alltaf verið miðaldra karlar með áþekk viðhorf.“

Hlutlægni og hlutleysi ekki það sama

Þóra Kristín sagði hlutlægni oft ruglað saman við hlutleysi og gengið út frá því að fjölmiðlar, stjórnendur þeirra og blaðamenn geti sprottið upp, nánast án þess að hafa tekið lit af umhverfi sínu. „Þetta gengur ekki upp. Hlutlægni á hins vegar að tryggja að blaðamaður nálgist mál frá öllum hliðum, hvaðan svo sem hann kemur. Við verðum að passa að byggja ekki upp sýndarveruleika hlutleysis. Við komum öll einhvers staðar frá og þess vegna verðum við að ákveða umferðarreglur á veraldarborðinu og það verður að mega ræða þær.“

Þóra Kristín telur að ritstjórnarlegt sjálfstæði verði ekki tryggt nema fjölmiðlar séu sterkir og samkvæmir sjálfum sér og að þar sé skapandi umhverfi „... þar sem er pláss fyrir gagnrýna hugsun, ólíkt fólk, ólíkar skoðanir, bæði kynin eigi jafna möguleika, menn þori að spyrja spurninga og stíga á tær, líka tær stjórnenda og eigenda, og þurfi ekki að óttast uppsögn vegna duttlunga hræddra og einráðra stjórnenda og eigenda.“

Loks nefndi Þóra Kristín að álag og hraði á ritstjórnnum, m.a. með tilkomu netsins, hafi þann ókost að áróður og ófrægingarherferðir eigi nú greiðari leið inn á ritstjórnir. Allt þurfi að gerast hratt og hætta sé á að blaðamenn detti í kranablaðamennsku. Það sé líka ógn við sjálfstæði ritstjórna.

Lög og reglur tryggja ekki sjálfstæðið

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, sagði sjálfstæði ritstjórna að sínu mati felast í því að aðrir hagsmunir en að upplýsa lesendur, áhorfendur eða áhlustendur eigi ekki að ráða för við vinnslu fréttu. Trúnaður ritstjórna eigi að liggja við lesendur og enga aðra:

„Hvernig eigi að tryggja að þetta sjálfstæði ritstjórna sé við lýði er hins vegar allt annað mál. Það hefur verið reynt með því að setja lög. Eigendur hafa einnig sett reglur sem hafa fengið allskonar mismunandi nöfn; siðareglur, ritstjórnarreglur, reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði og svo framvegis. Ekkert af þessu hefur virkað.“

Þórður sagðist þeirrar skoðunar að ritstjórnarlegu sjálfstæði væri ekki hægt að koma á með orðum á blaði. „...eða lögum sem fylgja ekki einu sinni heimildir til að sinna eftirliti með framfylgni ritstjórnarlegs sjálfstæðis. Það er ritstjórnin sjálf sem verður að móta þær reglur sem hún vinnur eftir, sem tryggja það sjálfstæði. Þær geta til að mynda tekið mið af siðareglum stéttarfélags okkar, þótt þær reglur séu fjarri því fullkomnar.“

Ör starfsmannavelta rýrir traust

Þórður sagði að ritstjórn fjölmiðils þurfi að koma sér saman um hvernig hún ætli að verja sjálfstæði sitt gagnvart eigendum, stjórnmalamönnum og áhrifaöflum í atvinnulífinu. Slíkt geti byggt á formlegum reglum en líka á óformlegum skilningi og óformlegum vinnureglum sem stuðst sé við við vinnslu fréttu.

„Til að slíkt vinnulag sé tækt þá þarf að ríkja traust á milli þeirra sem skipa ritstjórn hverju sinni. Ég held að ég sé ekki að opinbera neitt leyndarmál þegar ég segi að sú öra starfsmannavelta, það atvinnuóöryggi sem íslenskir blaðamenn búa við og sá stanslaus niðurskurður sem starfsemi fjölmiðla hefur orðið fyrir undanfarin misseri dragi úr líkum þess að slíkt traust og slíkt vinnulag verði að veruleika.“

Þórður rifjaði upp að hann hefði unnið á alls sex mismunandi fjölmiðlum á síðastliðnum áratug, undir tíu mismunandi ritstjórum. Hann sagði þetta ekkert einsdæmi, því það sé veruleiki margra blaðamanna að skipta ört um starfsvettvang. Ýmsar ástæður séu fyrir þessu, þar á meðal nánast árlegar hræringar á stærstu fjölmiðlum landsins, sem opni blaðamönnum tækifæri á að fara í önnur og meira spennandi eða betur launuð störf.

„Það hefur hins vegar líka komið fyrir að ég hef hætt störfum á fjölmiðlum vegna þess að mér fannst afskipti eigenda af lögum og réttum fréttuflutningi verulega óeðlileg. Í þeim tilfellum hafa eigendur, eða fulltúar eigenda, meðal annars farið fram á það við yfirmenn mína að ég yrði rekinn vegna skrifa sem tengdust þeim.“

Við slíkar aðstæður hefur mér þótt eðlilegt að segja einfaldlega upp, þar sem mínar hugmyndir um ritstjórnarlegt sjálfstæði og varðveislu trúverðugleika fjölmiðla fóru augljóslega ekki saman við hugmyndir eigendanna. Sem launamaður er fráleitt að gera kröfu til fyrirtækis sem maður starfar hjá að það breytist á þann hátt sem maður kys. Ef maður er ósáttur, eða veit að eigendur fyrirtækisins eru ósáttir við sig, þá hefur maður einungis eitt að gera: að segja upp og vinna annarsstaðar.“

Hlutverk ritstjóra ekki að deila og drottna

Þá fór Þórður yfir tilurð Kjarnans og sagði hann í raun hafa orðið til vegna vilja þeirra sem að honum standa til að koma á algjöru ritstjórnarlegu sjálfstæði.

„ ... þá blasti það við okkur að eina leiðin til þessa væri sú að ritstjórnin og samstarfsmenn hennar ættu einfaldlega alltaf meirihluta í fjölmiðlafyrirtækinu. Með þeim hætti verjum við okkar ritstjórnarlega sjálfstæði frá skipunum eða afskiptum að ofan án þess að það hafi áhrif á atvinnuöryggi okkar.

Annað sem við gerðum er að stofna ekki til skulda. Og það er algilt. Við skuldum engum og gerum upp við alla. Þannig verjum við sjálfstæði okkar enn frekar.“

Hvað hlutverk sitt sem ritstjóra Kjarnans varðar sagði Þórður það fjarri því að deila og drottna. Skoðun og sýn allra á ritstjórn væri jafn rétthá.

„Sá trúverðugleiki sem við höfum byggt upp á þeim tíma sem við höfum starfað sannar fyrir mér að þetta sé að minnsta kosti ein leið til að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði. Það vantraust sem ríkir gagnvart nánast öllum öðrum einkafjölmiðlum, sem reknir eru með öðrum hætti, staðfestir það líka.

Þetta vinnulag gæti auðvitað breyst ef við vöxum og ráðum inn fleira starfsfólk, sem hlýtur alltaf að vera stefna lítills fjölmiðlafyrirtækis. Þá þurfum við að endurskoða það vinnulag og ákveða hvernig sjálfstæði stærri ritstjórnar verði háttað.

Ég get ekki svarað því nú hvernig við munum leysa það mál, en ég er þess fullviss að sú reynsla sem við höfum af störfum á öðrum fjölmiðlum muni hjálpa okkur við að sniðganga það sem við eigum ekki að gera, og sú reynsla sem við höfum safnað í bankann undanfarið tæpt eitt og hálf ár mun nýtast við að finna nýjan farsælan farveg. Það er verkefni sem ég hræðist nákvæmlega ekkert.“

Ætlar að aðskilja hlutverk útgefanda og forstjóra

Nýr forstjóri 365 miðla, Sævar Freyr Þráinsson, greindi frá því að stjórn 365 miðla hygðist efla stefnumörkunarvinnu sem öllum starfsmönnum fyrirtækisins væri ætlað að taka þátt í, einfalda rekstur og skipulag, virkja starfsmenn, auka hlut kvenna og auka aðgreiningu á markaði. Jafnframt ætti að efla fréttastofuna og efla og auka sjálfstæði hennar.

Þá nefndi Sævar að 365 miðlar ætluðu að efla innlenda framleiðslu til að verja fyrirtækið fyrir ásókn erlendra efnisveitna, eins og Netflix, Hulu og AppleTV. Jafnframt að fyrirhuguð væri sameining 365 miðla við Tal. Hann sagði hlutverk útgefanda, sem nýverið var ráðinn til fyrirtækisins, eiga að verða aðskilið frá hlutverki forstjóra. Það sé framfaraskref, að hans mati, sem auki sjálfstæði fréttastofunnar.

„Ég tel mikilvægt að með því að aðskilja útgefandahlutverkið frá þessum daglega rekstri og komast á þann stað að ritstjórar sitji ekki fundi þar sem verið er að fjalla um daglegan rekstur

fyrirtækisins, sé verið að stíga stórt skref í átt að því að auka sjálfstæði fréttastofunar. Frá þessum tíma hafa orðið breytingar á ritstjórn fréttastofunnar. Aðalritstjóra var sagt upp og annar ritstjóri hætti. Nýr aðalritstjóri tók til starfa á sama tíma, sem jafnframt er útgefandi, og nýr fréttaritstjóri hefur verið ráðinn. Breytingarnar sem er unnið að miða að því að efla fréttastofuna, auka sjálfstæði hennar og auka hlut kvenna í fréttaskrifum,“ sagði Sævar

Hann kvaðst ánægður með þann kraft og áræðni sem hann fyndi hjá starfsmönnum í kjölfar breytinganna. Hver og einn væri hvattur til að vinna eftir eigin fréttamati og eftir ritstjórnar- eða siðareglum 365. Á næstu vikum og mánuðum verði skipulag fréttastofunnar einfaldað og kostnaður við yfirbyggingu minnkaður. „Það má segja að við séum í tímabundnu fyrirkomulagi en þessu breytingaferli lýkur eftir fáeina mánuði. Ég trúi því að með því að vinna að breytingafyrirkomulagi með starfsmönnum á fréttastofu og stjórnendum hennar sé hægt að tryggja það að til verði öflugri fréttamenn.“

Fjölmiðlum ritstýrt af eigendum

Um efni málþingsins sagði Sævar: „Ég velti því fyrir mér: Hvað er ritstjórnarlegt sjálfstæði og er hin fullkomna ritstjórn til? Morgunblaðið er þekkt mál gagn útgerðar á Íslandi og skrifar aldrei fréttir af eigendum nema jákvæðar. DV, þar til nýverið, Pressunni og Kjarnanum, er ritstýrt af eigendum, sem sömuleiðis skrifa fréttir og, að ég held, sækja sömuleiðis auglýsingatekjur. Ef ég tek punktinn frá Þórði hér rétt áðan, er það ritstjórnarlegt sjálfstæði að Jón Ásgeir og Ingibjörg skrifi sjálf fréttir eða verði ritstjórar? Ég er ekki endilega viss um að þannig náist fram ritstjórnarlegt sjálfstæði. Hjá RÚV hefur ítrekað verið fjallað um pólitísk afskipti. 365 trúir á sjálfstæði ritstjórna. Þess vegna eru miðlar þess vinsælir en við trúum ekki á að ritstjórar taki eigendavald. Finnst mér athyglisvert hversu hátt hlutfall af dagskrárefni af öðrum miðlum er til umfjöllunar á fréttamiðlum 365. Þetta finnst mér merki um gæði og merki um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Hins vegar þekkest það ekki að fjallað sé um efni 365 hjá öðrum miðlum. Finnst mér þetta aftur staðfesta vinsældir og sjálfstæði miðla 365.“

Þá spurði Sævar af hverju ritstjórar væru í algerum meirihluta karlar .

„Hvers vegna er þetta karlaveldi algert í ritstjórn fréttastofa nema þar til nýlega hjá 365 og hvers vegna er hlutfall kvenna sem skrifa fréttir í fjölmiðlum svo lágt? Ég er sannfærður um að þetta kemur niður á réttu fréttamati fjölmiðla og faglegu starfi ritstjórna.“

Loks las Sævar upp úr reglum 365 um ritstjórnarleg sjálfstæði og kvaðst sannfærður um að þær reglur, ásamt þagmælsku 120 starfsmanna, fréttamanna og blaðamanna fyrirtækisins vernduðu ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofunnar.

Mikilvægt að ræða reglurnar

Hallgrímur Thorsteinsson ritstjóri DV sagði mikilvægt að gera sér grein fyrir því, þegar rætt væri um fjölmiðla og hlutverk þeirra í samfélaginu, til hvers blaðamenn settu sér reglur og væru yfirleitt að ræða reglur sem þeir settu sér sjálfir. Þetta væru mikilvægir hlutir sem kæmu inn í starfið á gólfinu nánast á hverri einustu mínútu. Hann vísaði til ritstjórnarreglna BBC, sem birtar eru á heimasíðu þess, á 215 blaðsíðum, um helstu meginþætti í starfsemi. Þar á meðal um eignarhald og sjálfstæði ritstjórna.

Hallgrímur benti á að í inngangsorðum að ritstjórnarreglum BBC segði „í hinum fullkomna heimi væri hægt að koma þessum reglum fyrir í einni setningu: Notaðu eigin dómgreind (use your own best judgment).“

„Við heyrðum hérna lesið upp úr fréttareglum eða siðareglum 365. Þetta heitir mismunandi nöfnum hjá fjölmiðlunum og fjölmiðlaveitunum. Við heyrðum tóninn í þessu. Þórður Snær talaði um að það væri nú kannski ekki þörf á þessu, þetta væru bara orð á blaði. Ég efast ekki um það að hjá Kjarnanum eru menn á einu máli um hvað þeir ætli að gera og samtaka í því að vinna að fjölmiðli sem lætur ekkert stoppa sig í að þjóna þessu göfuga hlutverki sem er að þjóna almenningi fyrst og fremst. Hins vegar held ég að [...] það sé mikilvægt að við áttum okkur á þessum kennileitum og grundvelli þess sem við erum að gera, setjum þetta á blað, setjum þetta í stofnskrár og tölum um það. Áttum okkur á því hvað er mikilvægt.“

Meira traust til fjölmiðla en Alþingis

Hallgrímur sagði því mikilvægt að blaða- og fréttamenn komi saman og velti fyrir sér þessum reglum og til hvers þær séu settar.

„Ég er ekkert að segja að hver einasti fjölmiðill á Íslandi þurfi að semja plögg upp á 215 síður. En það sem ég er að tala um er mikilvægi þess að gera þetta, að fara í gegnum þetta starf, hvert og eitt, að blaðamenn og fréttamenn taki þátt í þessu starfi. Líka inni á miðlunum. [...] Nú virðist vera einhvers konar áhugi á þessum faglegu þáttum í starfsemi fjölmiðla. Það er kannski út af því að svo margt hefur farið úrskeiðis að undanförunu, þar á meðal hjá fjölmiðlum. Og fjölmiðlar hafa verið þátttakendur og líka fórnarlömb í alls kyns vendingum hjá peningafólki sem á fjölmiðla.“

Þá vék Hallgrímur að könnunum á því trausti sem almenningur ber til íslenskra fjölmiðla og benti á að tölurnar væru töluvert burðugri hjá fjölmiðlum en hjá fjármálafrýrtækjum og stofnunum landsins, þar á meðal Alþingi.

Loks fjallaði Hallgrímur um ritstjórnarstefnu DV og nefndi að DV eins og aðrir miðlar birtu **ritstjórnarstefnu sína** á heimasíðu sinni. Stefnt væri að því að móta nýjar ritstjórnarreglur fyrir fjölmiðilinn og kvaðst hann hlakka til að hefja þá vinnu.

Um hvað eiga reglurnar að vera?

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, fjallaði um forsögu og inntak 24. gr. fjölmiðlalaga, sem fjallar um ritstjórnarlegt sjálfstæði og til hvers þær reglur væru. Hún benti á að reglurnar eigi að tryggja betur stöðu einstakra blaða- og fréttamanna, þar með talið stjórnenda (ritstjóra og fréttastjóra) gagnvart eigendum. Samkvæmt ákvæðinu eigi að móta reglurnar og endurskoða þær árlega, í samráði við starfsmenn og fagfélög þeirra.

Elfa benti á að ákvæði 24. gr. gildi eingöngu um fjölmiðla þar sem starfsmenn sinntu fréttum og fréttatengdu efni. Það ætti jafnt við um ljósvaka-, prent- og vefmiðla og einu gildi hvort starfsmenn væru 2 eða 20. Þá væri ekki gert ráð fyrir því í lögunum að eigandi fjölmiðils gæti jafnframt verið ritstjóri. Samkvæmt 24. grein eigi að senda fjölmiðlanefnd reglurnar til staðfestingar en nefndinni sé ekki ætlað að taka efnislega afstöðu til reglna hvernar fjölmiðlaveitu, að öðru leyti en því að gæta þess að reglurnar uppfylli skilyrði a) b) og c) liðar 24. greinar. Þar komi fram um hvað reglurnar eigi að fjalla:

- a. Starfsskilyrði viðkomandi blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, við að framfylgja ritstjórnar- og dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar,
- b. starfshætti sem er ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar,
- c. skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði.

Uppfylli reglurnar ekki ofangreind skilyrði staðfestir fjölmiðlanefnd þær ekki. Óstaðfestar reglur séu þó engu að síðu birtar á heimasíðu fjölmiðlanefndar, til upplýsingar. Fram kom í máli Elfu, eftir fyrirspurn úr sal, að fjölmiðlanefnd hefur staðfest reglur allra fjölmiðla sem borist hafa, nema reglur Árvakurs. Elfa greindi frá því að ekkert eftirlit væri með því að reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði væri framfylgt og að í lögum væru engin viðurlög sé reglum ekki fylgt. Fjölmiðlanefnd geti þó lagt á dagsektir ef fjölmiðlaveita vanrækir að setja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Elfa fjallaði jafnframt um lagaumhverfið í nágrenni löndunum og benti á að almennt sé ekki að finna lögbundnar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í lögum nágrennaríkja okkar. Frá þessu séu þó undantekningar, t.d. á Spáni. Á Norðurlöndum sé reynt að tryggja stöðu blaðamanna í kjarasamningum.

Eftir framsöguerindi spunnust líflegar umræður sem ekki verða raktar í smáatriðum hér. Á meðal umfjöllunarefna voru ráðning útgefanda 365 og uppsagnir ritstjóra Fréttablaðsins, starfsöryggi blaðamanna, uppsagnir eldri blaðamanna og ráðningar ungs fólks á ritstjórnir fréttamiðla, arðsemisákvæði í siðareglum 365, niðurskurðarkröfur til fjölmiðla, álag á ritstjórnnum og hvort hægt væri að líkja því saman þegar reynslumiklir blaðamenn eiga fjölmiðla annars vegar og fólk, sem oft hefur verið andlag fréttu, hins vegar. Fram kom að á Norðurlöndum séu öll dagblöð, sem uppfylla tiltekin skilyrði, styrkt af ríkinu, til að viðhalda fjölbreytni á markaði. Í framhaldi af því var á það bent að á íslenskum fjölmiðla- og auglýsingamarkaði væru of „stórir hvalir í tjörninni“, þ.e. Ríkisútvarpið og 365 miðlar, sem gerði minni miðlum erfitt fyrir að fóta sig. Í lokaorðum fundargesta kom fram að lykill þess að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði væri að ritstjórar og útgefendur legðu áherslu á það við blaðamenn að fara eftir eigin sannfæringu við fréttamat. Blaðamannfélagið væri tæki til að efla stolt blaðamanna af starfi sínu og fjalla um þau gildi sem blaðamenn vilji hafa í hávegum innan stéttarinnar. Þá þurfi stjórnvöld að sýna meiri áhuga á því að viðhalda fjölmiðlum sem séu fjölbreyttir og tryggja margræði á markaði, lýðræðisins vegna. Lokaorðin átti Þórður Snær, ritstjóri Kjarnans. „Ég held að við séum flest mjög stolt af þessu. Ekki erum við að þessu fyrir launin. Þetta er barnaleg þráknelni og hugsjónastarfsemi.“

